

Aðalfundur Snarfara – fimmtudaginn 16. febrúar 2023

Mættir eru milli 50 og 60 Snarfarafélagar

Fundargestir voru látnir merkja við sig við inngang, að venju, og fengu þeir eintak af prentuðum ársreikningi félagsins fyrir árið 2022.

Fundur settur kl. 20:04.

Formaður kemur í pontu og leggur til Finn Torfa sem fundarstjóra og Pétur Valmundarson sem fundarritara og óskar eftir tillögum að öðrum séu þær einhverjar. Ekki kemur nein tillaga og eru fundarritari og fundarstjóri sjálfkjörnir.

Fundarstjóri tekur til máls og leggur til að fundurinn byrji strax og býður formanni orðið.

Formaður tekur til máls og byrjar á því að segja nokkur minningarorð til heiðurs Pálínu..

Formaður flytur skýrslu stjórnar.

Fundarstjóri tekur fram að honum þyki fundurinn löglega boðaður og óskar eftir mótbárum við því. Hann tekur fram að fundurinn hafi verið boðaður 1. febrúar með meira en 14 daga fyrirvara.

Næst taka við umræður um skýrslu stjórnar og óskar fundarstjóri eftir umræðum.

Til máls tekur félagsmaður úr sal og spyr frekar um tillögu stjórnar að loka bryggjum fyri veturinn. Formaður mæti í pontu og svarar varðandi landganginn á C bryggju. Skemmdirnar séu meiri á C bryggju og viðgerð standi yfir en hvorki tími né veður hafi verið hliðholl viðgerðum. Viðgerð klárast við fyrsta tækifæri en formaður vekur einnig athygli á því að viðgerðir sem hafi verið gerðar séu bráðabirgða.

Úr sal kemur önnur spurning varðandi ársreikninginn en því er svarað með því að ársreikningurinn verði ræddur síðar.

Atkvæðagreiðsla um samþykki skýrslu stjórnar og er skýrslan samþykkt með afgerandi kosningu og engin atkvæði á móti.

Ársreikningur

Næst til umræðu er ársreikningurinn og kemur þá í pontu Jóhann Rúnar Guðbjarnason. Jóhann, gjaldkeri, fer yfir ársreikning og útskýrir sérstaklega uppsetninguna og hvaða þýðingu nettó tölur hafa svo eitthvað sé nefnt.

Spurningar úr sal snúa að gjöldum á rafmagni, hversu háar skuldir félagsmanna geta orðið og hvort séu viðurlög við því að sleppa því að borga. Umræðan er almenns eðlis og ekki þörf talin á því að bóka þau samskipti.

Spurt er um næstu lyklastipti og hefur ekki gjaldkeri bein svör við því enda ekki beinlínis verið rætt hjá stjórninni.

Spurt er um rekstrarkosnað og svarar Jóhann því með því að nýr bókari hafi lyklað þetta öðruvísi en tíðkast hefur áður. Örlítil umræða hélt áfram með það en ekki neitt meira en þyki þörf að bóka.
Jóhann þakkar fyrir sig.

Fundarstjóri tekur orðið og spyr hvort fleiri vilji kveða sér hljóðs varðandi ársreikning. Formaður tekur þá til máls og útskýrir nánar afskrifaðar kröfur eins og t.d. í tilfellum þar sem félagsmenn sem séu löngu hættir séu enn að fá rukkanir og öfugt að hér séu bátar á svæðinu sem eru ekki skráðir á neina félagsmenn.

Ein spurning úr sal; vaktasektir slaga hátt upp í félagsgjöld, er það stingi í augu að vaktasektir séu jafn háar og félagsgjöldin.
Jóhann svarar þessu að það sé eins og það er. Ástæðan sé auðvitað sú að félagsmenn eigi að standa vaktina.
Formaður tekur þá til máls. Mjög margir heyra í formanni og vilja bæta upp fyrir gleymda vakt. Þá er þeim boðið að standa tvær vaktir í stað þeirrar sem gleymdist og minnir á að þessi aðferð er í boði.

Kosning um samþykki ársreiknings. Ársreikningur er samþykktur samhljóða.

Gjaldskrárbreyting

Fundarstjóri kemur með tillögu að breytingu um gjaldskrá og telur hana alla upp en hún er nokkuð löng.

Umræður um gjaldskrárbreytingar.

Rætt um kosnað við dráttarvél, hvað nota hann margir og hver er kostnaðurinn?
Formaður svarar, Hann kostaði rúmar 16 milljónir. Gullvagninn hefur verið færður til rekstrarkostnaðinum með dráttarvélinni. Nú þegar liggja fyrir viðgerðir á gullvagni þar sem búið er að valda tjóni t.d. á glussaslöngum. Einnig rafmagnstruflanir.

Spurning varðandi breidd bátar á móti lengd? Svar formanns, þetta var skoðað og farið yfir málið. Þrenn gjöld eru á A-bryggju. Gert er ráð fyrir að stæði sé 3.40 á breidd og breiðari bátar þurfi þá hugsanlega að taka tvö stæði.

Hver eru rök fyrir mikilli hækkun á gullvagninum? Það er verið að reyna að leiðrétta kostnað. 20.000 kr. Fyrir skiptið standa ekki undir rekstri á honum.
Formaður tekur stutta umræðu um Gullvagninn. Það sé meira og minna einn maður, Kolviður Helgason, sem sér um Gullvagninn. Hann og Ingvi eru þeir einu sem kunna á og geta stýrt honum. Margar spurningar hafa kviknað t.d. tjón og hvað ef verður tjón. Ekki er áhugi hjá tryggingafélögum til að tryggja tækið.

Spurning úr sal hvernig þetta er framkvæmt í Narðvík. Þar er fyrirtæki bakvið sem hefur tryggingar á öllum sínum tækjum.

Umræða heldur áfram um tryggingamál, þar réttindi o.s.frv.

Spurning úr sal; það ætti að vera á eigin ábyrgð og eigandi bátar látinn skrifa undir ábyrgðaryfirlýsingu.

Formaður spyr hvort umræða um ábyrgð eigi ekki að falla undir önnur mál eins og upphaflega stóð til.

Fundur greiðir atkvæði um hvort breytingatillaga að nýtt gjald á gullvagni sé 22.000 kr.. Með eru 26, á móti eru 31. Breytingatillagan er felld.

Símon Kjærnested bendir á að félagið sé tryggt og við séum með tryggingu fyrir málinu.

Spurt úr sal hverjir nota eiginlega gullvagninn? Spurningunni er svarað með klið í sal.

Athugasemd af hverju er verið að gera breytingartillögur? Á ekki bara að kjósa um gjaldskrárbreytinguna?

30.000 kr. – 20 með rest á móti

50.000 kr. – 11 með rest á móti

Engar aðrar breytingartillögur berast svo gengið er til atkvæða um breytingu á gjaldskrá. Breytingin er samþykkt samhljóða.

Kosningar

Næst er gengið til kosningar.

Einn formaður er í framboði, Hafþór Lyngberg Sigurðsson
Stjórnarmenn; Valgeir Berg, Ólafur A. Viggósson
Varamenn til tveggja ára.; Jón Rósmann, Jónas Hermanns, Pétur Örn.

Félagskjörnir endurskoðendur; Finnur og Ottó.

Engin mótframboð bárust svo allir í framboði eru sjálfkjörnir.

Önnur mál

Fyrsta mál snýr að gullvagni.

Kolviður mætir í pontu og bendir á að með gullvagni hafi hann tekið fleiri vélbáta en skútur með Gullvagninum. Ekki finnst Kolviði félagið eigi að selja eða skila vagninum.

Þá var talað um hvort gæti orðið tjón. Tækið er í eigu Snarfara. Við, hver um sig, tekur það á leigu. Sem betur fer hefur aldrei gerst neitt. Hafa orðið vandræði en engin stórtjón.

Miklu fleiri tjón hafa orðið af ónýtum vögnum. Það er verið að fá nokkra féлага til að aðstoða að taka upp báta og hengja á traktorinn vagna með ónýtum krókum og legum og hanga varla undir sjáflum sér hvað þá þegar komnir eru bátar í þá.

Sumir félagsmanna kunna ekki einu sinni að hýfa upp drifin og kunna í raun ekki að taka bát á þurrt land.

Kolviður lýkur sinni ræðu og þakkar fyrir.

Formaður tekur til máls og minnir á þessi ábyrgðarmál. Hefur komið til tals að láta skrifa undir ábyrgðaryfirlýsingu og er það allt til skoðunnar.

Félagi úr sal tekur málið varðandi ábyrgð á Gullvagni. Leggur til að tækjamaður hafi réttindi og tækjamaður skuli taka út tengingar, keðjur, spliff og fleira. Frekari umræða um ábyrgðaryfirlýsingar, ekki ástæða til að bóka. Kallað er eftir álit lögfræðings (Finns Torfa) sem gefur sitt álit.

Næsta mál;

Skýlismál

Nú er verið að jarðvegsskipta til að undirbúa undir tjaldskemmu og skýli.

Formaður kynnir þetta lauslega með orðum og myndum.

Óskar formaður eftir umræðum.

Nokkrar spurningar berast úr sal, varðandi stærð hússins ofl. Hafþór og Valgeir svara þeim. Kostnaður við húsnæðið verði milli 20 og 30 milljónir.

Borin er upp tillaga um að stjórn haldi áfram undirbúningi geymsluskemmu fyrir báta. Kosning haldin, margar hendur á loft með hugmyndinni, engin hönd á móti.

Tillaga samþykkt.

Næsta mál;

Höfnin

Formaður opnar á umræðu um aðstæður í höfninni yfir veturinn.

Formaður leggur til að gera eins og gert var í gamla daga, loka höfninni t.d. 15.okt og opna aftur á vori, við fyrstu leysingar, mars apríl ca.

Formaður vill að við einbeitum okkur að því að gera gott landsvæði og taka á sama tíma alla báta upp yfir vetur.

Tillaga borin upp á fundi, höfninni lokað á hausti og opnuð á vori. (15.okt-1.apríl)

Tillagan er samþykkt með afgerandi meirihluta – enginn kaus á móti.

Spurning úr sæti,

hver er staðan á eldsneytismálum, síðast var ekki leyfi fyrir bensíntanki og dælu?

Svar; Skeljungur á tankinn og höfum við ekki orðið varir við að sé breyting á því.

Ef á að taka alla flota á hausti og niður á vori? Er sjálfbóðaliðum sem sinna hreyfingum á bátum skaðleysi? Formaður svarar; það verður sett í forgang að finna lausn á máli.

Má ekki fara að taka bátana sem eru ekki í notkun og ekkert er hugsað um?

Svar formanns; það er erfitt að fara að skipta sér að bátum sem hafa greitt full gjöld og standa sínar vaktir eins og aðrir félagsmenn.

Spurning úr sal; lýsing og hreyfiskynjarar

Svar formanns; verið er að leggja ídráttarrör og staura um svæðið sem er til þess að verða búbót á þessu máli. Valgeir bendir einnig á að komin er ný íbúðabyggð og þurfi hugsanlega að endurskipuleggja lóðina með tillitil til þess.

Spurning úr sal; koma myndavélum á vefinn
Stjórnin tekur það til sín að koma feed-i á vefin.

Fundarstjóri tekur til máls og lýsir yfir að dagskrá sé tæmd.
Formaður býður fundargestum til veitinga og segir fundi slitið kl. 22:22.